

Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, í (Hfj) og Markaðsstofa Hafnarfjarðar, kt. 630316-2190, (MsH), eru sammála um eftirfarandi:

Samkomulag um markaðsstarf.

1. gr. Markmið

Tilgangur MsH kemur fram í 3. gr. samþykktu (skipulagskrár) MsH.

MsH starfar á sviði atvinnu-, ferða- og markaðsmála og hefur samstarf við Hfj um það sem tilgreint er í þessu samkomulagi. MsH eflir atvinnuþróun og starfar að ferða- og markaðsmálum í Hafnarfirði í nánu samstarfi atvinnulífs, sveitarfélagsins og annarra sem vilja stuðla að uppbyggingu í bænum.

Í verkefnum sínum leggur MsH áherslu á eftirtalin markmið:

- Að laða til bæjarins ný fyrirtæki og stofnanir og jafnframt að vinna að því að þjónusta við þá sem fyrir eru sé fyrsta flokks.
- Að auka sýnileika og bæta samkeppnisstöðu Hafnarfjarðar.
- Að starfsemi vegna ferðamanna og þjónusta við þá aukist í Hafnarfirði.
- Styrkja ímynd Hafnarfjarðar

2. gr Framlag Hafnarfjarðarkaupstaðar

Hfj leggur MsH til húsnæði, starfsstöð fyrir einn starfsmann. ~~MsH til húsnæði undir starfsstöð fyrir einn starfsmann.~~ Sömu leiðis hefur MsH aðgang að tölvuþjónustu hjá Hfj.

Hfj styrkir starf MsH á árinu 2019 skv. samningi þessum alls kr. 14.000.000 Styrkurinn greiðist með tveimur jöfnum greiðslum, ~~kr. 5.000.000.~~ Fyrri greiðslan verður greidd 15. mars 2019 og síðari greiðslan skal greidd eigi síðar en 31. júlí 2019. Framlag Hfj. er til að standa straum af hluta af rekstrarkostnaði MsH. Bæjarstjórn tekur ákvörðun um árlegan styrk vegna árána 2020 til 2021 í fjárhagsáætlun.

Stefnt skal að aukinni sjálfbærni starfseminnar og getur fjárstyrkur bæjarins tekið breytingum milli ára samhliða því.

3. gr Framlag Markaðsstofu Hafnarfjarðar

MsH mun sinna verkefnum sem tilgreind eru í samkomulagi þessu. Einnig getur MsH tekið við fleiri verkefnum fyrir Hfj en semja skal sérstaklega um þau. Merki Hafnarfjarðarbæjar skal birt á öllu efni vegna verkefna MsH fyrir Hfj þegar við á.

4. gr. Verkefni.

MsH tekur að sér að sinna eftirtöldum verkefnum í samstarfi við Hfj.

4.1 Atvinnuþróun

- Efla atvinnulíf í Hafnarfirði með upplýsingagiöf og kynningum eftir því sem við á. MsH mun jafnt sinna aðilum sem þegar eru með starfsemi í Hafnarfirði og þeim sem vilja hefja starfsemi í bænum.
- Stuðla að samstarfi og samvinnu milli fyrirtækja í Hafnarfirði, bæði út frá staðsetningu og starfsemi.
- Kynna Hafnarfjörð sem ákjósanlegan stað fyrir rekstur fyrirtækja með það að markmiði að laða fyrirtæki til bæjarins og hlúa að þeim sem fyrir eru. MsH mun einnig hafa frumkvæði að því að leita uppi aðila sem eru að hefja rekstur eða gætu flutt starfsemi til bæjarins.
- Stuðla að vexti í verslun og þjónustu, ásamt því að vinna að fjölgun viðskiptavina verslunar-, þjónustu- og ferðaþjónustufyrirtækja í Hafnarfirði.

4.2 Ferðamál

- Er fulltrúi Hfj í ferðamálasamtökum höfuðborgarsvæðisins og Höfuðborgarstofu, ásamt starfsmanni frá Hfj.
- Vinna með ferðaþjónustuteymi Hfj að markmiðum Hfj og fyrirtækja í ferðaþjónustu samkvæmt stefnu um ferðamál í Hafnarfirði.
- Styðja við og efla afþreyingar- og þjónustustarfsemi fyrir ferðamenn, sér í lagi utan háannatíma.
- Stuðla að lengri dvöl þeirra gesta sem hverju sinni heimsækja Hafnarfjörð.
- Koma að þróun, framsetningu og nýtingu á vefnum www.visithafnarfjordur.is í samstarfi við Hfj.
- Byggja upp öflugan gagnabanka um hvaðeina er lýtur að þjónustu við ferðamenn, alls konar viðburði á sviði menningar, skemmtana og afþreyingar og aðra þá starfsemi sem ástæða er til að kynna og markaðssetja fyrir ferðamönnum, íbúum Hafnarfjarðar og öðrum þeim sem leita eftir upplýsingum um bæinn.
- Sjá um framleiðslu og dreifingu kynningarefnis fyrir ferðamenn í samræmi við stefnu um ferðaþjónustu. Kostnaður við framleiðslu (ljósmyndun, prentun, hönnun, myndataka o.s.frv.) er ekki innifalinn í þessum samningi. Gerð verður sérstök kostnaðaráætlun um hvert verkefni.

4.3. Markaðsmál

- Efla Hafnarfjörð sem ákjósanlegan búsetukost fyrir fjölskyldur og einstaklinga á öllum aldri.
- Vera málssvari og vettvangur umræðu og samstarfs í Hafnarfirði.
- Annast í samráði við samskiptastjóra og starfsmann menningar- og markaðsmála Hfj. markaðssetningu og kynningu á Hafnarfirði sem áfangastað ferðamanna og búsetukosti einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja.
- Vinna að aukinni nýsköpun í afþreyingu og þjónustu.

4.4 Annað

- Vera samstarfsvettvangur og stuðla að klasasamstarfi einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og félagasamtaka í Hafnarfirði.
- Koma að mótun viðburða í samráði við það svið Hfj sem við á hverju sinni.

5. gr.

Eftirlit og samráð

Bæjarráð Hafnarfjarðar fer með fyrir hönd Hfj eftirlit vegna samstarfsins. MsH skilar ársfjórungslega yfirliti til bæjarráðs um framgang verkefna. ~~Fulltrúar bæjarstjórnar í stjórn MsH,~~ Fulltrúar bæjarstjórnar í MsH, formaður stjórnar og framkvæmdastjóri munu hitta bæjarráð a.m.k. ársfjórðungslega.

MsH leggur starfs- og fjárhagsáætlun um verkefni fyrir bæjarráð eigi síðar en 15. október ár hvert um næstkomandi ár. MsH er ekki heimilt að hefja vinnu verkefna sem ekki eru fjármöggnuð skv. samningi þessum fyrr en áætlun um þau hefur verið samþykkt af bæjarráði.

MsH færir bókhald og gerir uppgjör samkvæmt lögum um sjálfseignarstofnanir og skal skila ársreikningi til Hfj fyrir 1. júní ár hvert.

Msh gætir þess að hafa samráð við þá fulltrúa Hfj sem við á hverju sinni um framkvæmd samkomulags þessa.

6. gr.
Gildistími

Samkomulag þetta gildir frá 1. janúar 2019 – 31. desember 2021. Ef til endurnýjunar samkomulagsins kemur skal undirbúningur að henni hefjast að minnsta kosti þremur mánuðum áður en gildistíma lýkur.

Hvor aðili getur sagt upp samkomulagi þessu með sex mánaða fyrirvara ef verulegir vankantar eru á framkvæmd þess.

7. gr.

Rísi mál út af samkomulagi þessu skal reka það fyrir héraðsdómi Reykjaness.

Hafnarfirði

2019

Fh. Markaðsstofu Hafnarfjarðar

F.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

Vottar:
